

Fundur í Háskólaráði

Dags. 2. 4. 2025

Staður og tími: Teams kl. 12.00

Málsnúmer:

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Haukur Logi Karlsson, Erlendur Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Andrea Guðmundsdóttir

Fulltrúar nemenda: Halldór Kjartan Þorsteinsson, Agla Sól M. Hafðisardóttir

Áheyrnaraðilar: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Anna Þórunn Reynis, Einar Hreinsson, Heiður Ósk

Fjarverandi: Júlíus Andri Þórðarson, Sævar Ari Finnbogason, Sólveig Hallsteinsdóttir, Daníel Ómar Viggósson, Sara Bergsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Fundargerð frá 24. febrúar 2025 samþykkt samhljóða

2. Tilnefning í fulltrúaráð

Gæðastjóri fór yfir skipan í fulltrúaráð

Hlynur Finnbogason gengur úr ráðinu eftir þriggja ára setu

Samþykkt að skipa:

Erlendur Ingi Jónsson aðalmaður

Sólveig Hallsteinsdóttir varamaður

3. Ný og endurskoðuð jafnréttisáætlun lögð fram til kynningar

Heiður Ósk og Einar Hreins kynntu jafnréttisáætlun skólans sem er nú endurnýjuð en stofnunum ber að endunýja hana á fjögurra ára fresti. Búið er að endurnýja áætlunin í samræmi við kröfur jafnréttisstofu. Sjá viðhengi

4. Erindi frá nemendum

- Agla bar upp erindi þess efnis að fara þurfi yfir hvernig skipað er inn í Háskólaráð fyrir hönd nemenda en sú skipun verður að vera í samræmi við reglugerð Háskólans á Bifröst.
- Inn á landsfund LÍS mun koma erindi frá formönnum nemendafélags HA og Háskólans á Bifröst um sameiningamál og bera upp sameiginlega yfirlýsingu inn á þinginu. Um er að ræða fyrsta formlega sameiginlega erindið frá nemendafélögunum.
- Umræða um sameiningar, fundarfyrirkomulag og aðkomu nemenda að sameiningamálum. Rektor kom á framfæri að haft verði fullt samráð við nemendur um þau málefni sem snúa að nemendum

Til málst tóku: ASH, MJN, HLK, HKP, ÓKP, EH

5. Erindi frá starfsfólki

- Umræða um gervigreind og notkun nemenda á þessari tækni í verkefnum og heimaþrófum. EIJ kom því á framfæri að mikilvægt væri að taka til endurskoðunar reglur og viðmið um notkun á gervigreindarforritum
Til máls tóku: MJN, HKÞ, ASH, EIJ, HLB
- MJN fór yfir að verið er að fara verklag og reglur varðandi kennslu, menntun, hæfni og gjaldskrá. Stofnað verður félag kennara við Háskólann á Bifröst þar sem ákveðin mál

6. Skýrsla Rectors

- Verið er að fara yfir fjármál skólans og endurfjármagna hluta lána
- Rektor fór yfir stöðu umsókna miðað við daginn í dag en þær eru fleiri en á sama tíma í fyrra.
- Húsnæði Háskólans á Bifröst er farið á sölu
- Stefnumótun er langt komin og verður kynnt starfsfólki 23. apríl nk.
- Einn nýr aðili kemur inn í stjórn frá ASÍ en ekki verða fleiri breytingar innan stjórnar að svo stöddu.
- Í sameiningarmálum er komið lögfræðiteymi og stýriteymi auk þess sem búið er að ráða verkefnastjóra yfir verkefninu sem heitir Hans Þormar.
- Breytingar verða gerðar á staðsetningu Háskólagáttar innan Háskólans á Bifröst sem kynnt verður fljótlega
- Vík, Borgarfjörður, Skagafjörður og Ísafjörður verða í brennidepli endurmenntunar þetta árið
- Búið er að fækka starfsfólki Kiðár vegna minnkandi umsvifa í félaginu.

Fundi slitið 12.45

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir